

Áttundi fundur nefndar. Haldinn í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Skuggasundi 1, dags. 4.12.2018. Fundur hófst kl. 11:30.

Fundinn sátu: Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Líneik Anna Sævarsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Margrét Hallgrímsdóttir, Vilhjálmur Árnason, Óli Halldórsson, Dagbjört Jónsdóttir, Steinar Kaldal.

Forföll boðuðu: Hanna Katrín Friðriksson

Fundagerð ritaði: Steinar Kaldal, verkefnisstjóri.

Þetta gerðist:

1. Fundartímar næsta árs

Rætt var um fundartíma næsta árs. Kannað hvort að nefnd vildi halda sömu fundartímum á næsta ári og hafa verið á árinu 2018 - fyrsta þriðjudag hvers mánaðar kl. 11:-30-13:00. Nefnd var sáttt við að fundartímar yrðu áfram á umræddum tíma. Formaður tók fram að þó gert væri ráð fyrir einum fundi á mánuði gæti þurft að boða til fleiri nefndarfunda.

Ákvörðun var tekin um að nefndarfundir yrðu haldnir á sama tíma á komandi ári. Verkefnisstjóra falið að senda fundarboð á nefndarfólk.

2. Skipulagning funda með sveitarfélögum

Verkefnisstjóri sagði frá vinnu við skipulagningu funda með sveitarfélögum. Stefnt væri að því að halda vinnufundi með sveitarfélögum vegna komandi verkefna nefndar (útfærslur á mörkum þjóðgarðs, svæðaskiptingu innan landsvæða, aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar). Nefnd sagði mikilvægt að taka saman upplýsingar um nytjar á miðhálandinu og koma með þá samantekt á fund. Einnig væri mikilvægt að opna á umræðu um mismunandi verndarflokka og hvernig nýta mætti núverandi stjórnkerfi (t.d. veiðistjórnun) í stað þess að búa til ný, auk þess sem lögð yrði áhersla á að ekki stæði til að hrófla við frumkvæði sjálfbóðaliða og félagasamtaka á miðhálandinu.

3. Tímaplan og verkefni

Formaður fór yfir tímaplan vinnunnar og tillögur að tímaramma fyrir hvert verkefni. Því til útskýringar voru verkefnin sett upp á einfalt Gantt-rit (sjá glærur 8. fundar). Nefnd var sammála tillögum formanns um tímaplan og tímaramma verkefna.

Ákvörðun var tekin um að vinna eftir ofangreindum tillögum formanns.

4. Opinn samráðsfundur

Formaður sagði frá samráðsfundi með hagaðilum sem fram undan var og fór yfir dagskrá þess fundar.

Fleiri gerðist ekki og var fundi slitið 12:29.